# SÚÐAVÍKURHREPPUR
## FUNDARGERÐ

**ÞRIÐJUDAGINN 23. MAÍ. 2017. VAR HALDINN 16. FUNDUR SKIPULAGS OG BYGGINGARNEFNDAR SÚÐAVÍKURHREPPS KL 16.00**
**KJÖRTÍMABILIÐ 2014-2018**

**Mættir eru: Helgi Bjarnason formaður, Salvar Baldursson og Garðar Sigurgeirsson.**

**Árni Traustason, skipulagsfulltrúi og Pétur G. Markan sveitarstjóri.**

**Formaður athugar með fundarboð. Engin athugasemd gerð við fundarboð.**

**Formaður býður nefndarmönnum að taka til fyrsta dagskrárliðar.**

**Dagskrá:**

1. **Ósk Súðavíkurhrepps um framkvæmdaleyfi vegna áningarstaðar í Hvítanesi**
2. **Grenndarkynning vegna byggingarleyfis söluskála í Reykjanesi**
3. **Erindi frá Margréti Karlsdóttur.**
4. **Erindi frá eigendum Ögur, undirritað af Hafliða Halldórssyni.**
5. **Önnur mál.**

---

1. Árni Traustason kynnir minnisblað. Nefndin samþykkir á grundvelli minnisblaðs Árna Traustasonar, að gefa út framkvæmdaleyfi vegna áningarstaðar í Hvítanesi, og beinir því til sveitarstjórnar að samþykkja framkvæmdaleyfið.
2. Skipulags og byggingarnefnd óskar eftir nýjum gögnum í málinu svo hægt að sé klára umrædda framkvæmd. Á meðan beðið er eftir gögnum, og málið afgreitt, fer nefndin fram á að allar framkvæmdir verði stöðvaðar.
3. Nefndin vísar í bókun annars liðar fundargerðarinnar og felur skipulags og byggingarfulltrúa að svara Margréti.
4. Nefndin áréttar eftirfarandi. Sýslumaður Vestfjarða gefur út leyfi vegna gistireksturs, ekki sveitarfélagið. Sveitarfélagið gefur umsögn, sem vísar í aðalskipulag, sem á þessum umrædda stað er skilgreindur undir verslun og þjónustu. Af þeirri ástæðu er umsögn sveitarfélagsins jákvæð gagnvart leyfisveitingunni.
5. Engin önnur mál.

Ekkert fleira gert. Fundi slitið 17: 58

Sign

Garðar Sigurgeirsson

Helgi Bjarnason
Formaður

Salvar Baldursson

Pétur G. Markan
Sveitarstjóri

Árni Traustason
Skipulagsfulltrúi

6. Engin viðbrögð hafa borist við bréfi byggingarfulltrúa. Byggingarfulltrúi leggur fram tillögu að dagsektum að upphæð 2.000 kr. á hvern almanaksdag sem það dregst að framkvæmdaaðilinn geri grein fyrir þessum framkvæmdum á fullnægjandi hátt með framlagningu uppdrátta og greinargerða. Skipulags- og byggingarnefnd beinir því til sveitarstjórnar að tillaga byggingarfulltrúa verði samþykkt.
7. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir að beina því til sveitarstjórnar að rætt verði við bréfritara um erindið. Lóðin er í „gömlu Súðavík“ og þar hefur skipulagi verið frestað. Lóðin er óbyggð og ekki fyrirsjáanlegt að hún verði byggð í náinni framtíð. Bent er á að sveitarfélagið hefur nýlega gert samning við eigendur Grundar við Aðalgötu um land í fóstri.
8. Skipulags-og byggingarnefnd staðfestir að viðkomandi mannvirki uppfyllir kröfur laga um byggingarmál gerir ekki athugasemdir við veitingu rekstaraleyfisins.
9. Önnur mál.
   a. Byggingarfulltrúi upplýsir um gang ljósleiðaralagningar um Djúpið.
   b. Lagður fram tölvupóstur um drög að reglugerð um reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.